

Skipulagsstjóri
Kópavogsbær
Fannborg 2
200 Kópavogur



Reykjavík 11. apríl 2016

UST201602-202/K.S.J.

10.04.03

Efni: Tillaga að breyttu deiliskipulagi Fífuhvammslands vesturhluta. Brekkun Lindarvegar.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Kópavogsbæjar er barst 22. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breyttu deiliskipulagi Lindarvegar við Fífuhvammsveg.

Skipulagssvæðið

Tillögusvæðið nær til 0,5 ha lands og tekur til Lindarvegar frá gatnamótum Bæjarlindar að Fífuhvammsvegi með 30 m veghelgunarsvæði út frá miðlinu vega. Í erindinu kemur fram að ofangreind breytingartilla felur í sér fyrirhugaða brekkun Lindarvegar á um 50 m kafla austan gatnamóta Fífuhvammsvegar og Lindarvegar. Einnig kemur fram að lega göngu- og hjólastíga og mana /hljóðveggja breytist.

Matsskylda


Umhverfisstofnun tekur undir að þar sem framkvæmdin fellur undir skilgreininguna tengibraut í þéttbýli og er því matsskyld.

Göngu- og hjólastígar


Umhverfisstofnun tekur undir breyttar áherslur varðandi aðstæður fyrir gangandi og hjólandi umferð og telur afar mikilvægt að þess sé gætt við brekkun Lindarvegar að öruggir stígar verði fyrir gangandi og hjólandi umferð. Tíðni reiðhjólaslysa er meiri en áður nú þegar mikil fjölgun hefur orðið í nýtingu reiðhjóla sem faratækja og því brýnt að gætt sé að öryggi gangandi og hjólandi.

Umferð og öryggi

Umhverfisstofnun tekur undir það að afkastageta Lindarvegar eykst við breytinguna og að gert er ráð fyrir að umferðaröryggi muni aukast á tillögusvæðinu. Að mati Umhverfisstofnunar er einnig afar mikilvægt að öryggi gangandi og hjólandi aukist, þar sem sú umferð er berskjálðaðri en bílaumferðin. Að mati stofnunarinnar er einnig afar mikilvægt að áður áætluð undirgöng fyrir gangandi og hjólandi verði áfram inni á nýju deiliskipulagi.


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur